



# Slysatrygging launþega

## Skilmáli S-3

Slysatrygging launþega er trygging fyrir vinnuveitendur og tryggir kjarasamningsbundin rétt starfsmanna þeirra. Tryggingin greiðir því bætur á grundvelli kjarasamninga á hverjum tíma.

Um trygginguna gilda skirteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, hér eftir vsl. Ákvæði í skilmála þessum ganga framur ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

## Skilgreiningar

**Félagið:** Vörður tryggingar hf.

**Hlutfallsregla:** Hlutfallsregla er reikniregla um samanlagða læknisfræðilega örorku. Hafi tjónþoli orðið fyrir líkamstjóni í eldra slysi eða áður metinn til læknisfræðilega örorku (miskastiga) skal hlutfallsreglu beitt. Sama gildir ef tjónþoli verður fyrir fjölaverka í einu og sama slysinu. Byggir hún meðal annars á því að ekki sé hægt að vera með meira en 100% varanlega læknisfræðilega örorku. Þegar hlutfallsreglu er beitt er metið með hvaða hætti mismunandi einkenni tjónþola verka saman og valda varanlegri örorku.

**Slys:** Með orðinu „slys“ er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama þess, sem tryggður er, og gerist án vilja hans. Dánarbætur greiddast því aðeins, sé slysið bein og eina orsök að andláti tryggða.

**Varanleg læknisfræðileg örorka:** Bætur vegna læknisfræðilegrar örorku eru reiknaðar út frá læknisfræðilegu mati á því hversu mikið líkamlegt eða andlegt tjón er talið hafa hlotist af slysi. Tjónið skal meta samkvæmt töflu Örorkunefndar um miskastig. Þegar fjárhæð bóta fyrir varanlega læknisfræðilega örorku er ákveðin skal litið til þess hvers eðlis og hversu miklar afleiðingar tjóns eru frá læknisfræðilegu sjónarmiði. Varanleg læknisfræðileg örorka skal metin til miskastiga og skal miða við heilsufar tjónþola eins og það er þegar það er orðið stöðugt og þegar læknir telur að frekari bata sé ekki að vænta. Varanleg læknisfræðileg örorka er óháð orsök líkamstjóns í hverju tilviki og við mat á henni er ekki tekið tillit til menntunar, starfs eða áhugamála þess sem orðið hefur fyrir líkamstjóni.

**Örorkunefnd:** Í Örorkunefnd sitja þrjú aðilar sem skipaðir eru á grundvelli 10. gr. skaðabótalaga. Örorkunefnd semur töflu um miskastig. Í töflunni er metin skerðing á líkamlegri, og eftir atvikum, andlegri færni hjá einstaklingum sem orðið hafa fyrir líkamstjóni.

## 1. Kafli. Bótasvið og ákvörðun bóta

### 1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin greiðir bætur á grundvelli kjarasamnings ef slys sem tryggður verður fyrir leiðir til:

- Varanlegrar læknisfræðilegrar örorku
- Tímabundinnar óvinnufærni
- Tannbrots
- Andláts

Tryggingin greiðir aðeins bætur ef slysið er aðalorsök þess að sá sem tryggður er, deyr eða verður óvinnufær að nokkru eða að öllu leyti.

### 2. gr. Hvenær gildir tryggingin?

Tryggingin gildir:

- í starfi hjá tryggingartaka og á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar og frá vinnustað að heimili.
- í ferðum innanlands og erlendis sem farnar eru á vegum tryggingartaka, enda sé ákvæði um slíkt í kjarasamningi.
- við þátttöku í íþróttum, keppnum og leikjum á vegum tryggingartaka eða starfsmannafélags og ætlast sé til þátttöku tryggðs sem hluta af starfi hans, enda sé ákvæði um slíkt í kjarasamningi.
- í frítíma, enda sé ákvæði um slíkt í kjarasamningi.

**3. gr. Bætur fyrir varanlega læknisfræðilega örorku**

- a. Valdi slyss tryggðum varanlegu líkamstjóni, innan þriggja ára frá því að slysið varð, greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar upphæðar sem var í gildi á slysdegi.
- b. Örorku skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflu Örorkunefndar um miskastig sem er í gildi þegar örorkumat fer fram. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflu Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega, með hliðsjón af töflunni. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%.
- c. Slyss sem einungis valda lýti eru ekki bótaskyld.
- d. Við ákvörðun örorku (læknisfræðileg örorka) ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu.
- e. Örorkubætur greiðast í hlutfalli við þá tryggingarfjárhæð sem gildir samkvæmt kjarasamningi. Við útreikning örorkubóta skal ekki tekið tillit til örorku sem var til staðar fyrir slysið.
- f. Örorkan er metin í fyrsta lagi einu ári eftir slysið, með hliðsjón af ástandi slasaða þá. Telji slasaði eða félagið að örorkan geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi.
- g. Missir eða bækluð á útlím eða líffæri, sem var ónothæft fyrir slysið, gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bækluðar á útlím eða líffæri, sem áður var bæklað, skal meta örorku með hliðsjón af bækluðunni fyrir slysið.
- h. Þótt gera megi ráð fyrir að ástand hins slasaða kunni að breytast, skal undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Í þessu tilfalli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir að hún verði endanleg. Ef líkur eru til að ástand hins slasaða megi bæta með læknismeðferð eða þjálfun og hann veigrar sér við án gilda ástæðna að gangast undir slíka meðferð, ber samt sem áður við ákvörðun miskastigs að taka tillit til hugsanlegs bata sem slík meðferð kynni að hafa í för með sér.
- i. Leiði slyss til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku skulu félagið og tryggður koma sér saman um einn hæfan matslækni til þess að meta afleiðingar slyssins.
- j. Ef tryggður andast áður en varanleg örorka er metin greiðast engar örorkubætur.

**4. gr. Bætur vegna tímabundinnar óvinnufærni**

- a. Valdi slyss tímabundinni óvinnufærni greiðir félagið dagpeninga þá sem í gildi voru á slysdegi ef réttur til dagpeninga er fyrir hendi samkvæmt kjarasamningi.
- b. Dagpeningar greiðast í hlutfalli við óvinnufærni frá lokum biðtíma og svo lengi sem tryggður er óvinnufær að mati læknis eða þar til örorkumat hefur farið fram. Dagpeningar greiðast þó hvorki lengur en þann hámarksbótatíma sem fram kemur í kjarasamningi né fyrir tímabil að loknum þremur árum frá slysdegi. Með biðtíma er átt við það tímabil sem samkvæmt kjarasamningi á að líða frá slysdegi þar til dagpeningagreiðslur hefjast.
- c. Félagið ákveður hve mikil óvinnufærni hefur verið og varanleika hennar á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem liggja fyrir.
- d. Stafi óvinnufærni slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í óvinnufærni.
- e. Dagpeningar greiðast tryggingartaka meðan hann greiðir þeim, sem tryggður er, laun samkvæmt kjarasamningi, en síðan þeim sem tryggður er.

**5. gr. Bætur vegna tannbrots**

- a. Tryggingin greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slyss. Greiðsla félagsins takmarkast þó við 5% af grunnörorku tryggingarfjárhæðinni vegna hvers slyss og samanlagðar greiðslur vegna slysa á einu tryggingarári við 7,5% af sömu upphæð.
- b. Tryggingin greiðir ekki bætur vegna tanna sem brotna í vinnuslysi eða vegna annarra atvika að því marki sem það bætist samkvæmt lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008 eða annari þátttöku hins opinbera í kostnaði við tannlækningar.

**6. gr. Bætur vegna andláts**

- a. Látist tryggður af völdum slyss innan þriggja ára frá slysdegi, greiðast dánarbætur þær sem í gildi voru á slysdegi, að frádregnum bótum fyrir varanlegt líkamstjón sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss.
- b. Félagið á rétt á því að hinn látni verði krufinn til þess að leidd verði í ljós dánarorsök eða annað sem varðar bótaábyrgð félagsins.

**7. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?**

Tryggingin greiðir ekki bætur:

- a. vegna slyss sem tryggður verður fyrir í handalögmáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.
- b. vegna slyss sem verður vegna ljósbaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss.
- c. vegna slyss sem verður vegna ásetnings eða stórkostlegs gáleysis tryggingartaka eða tryggðs.
- d. vegna slyss sem orsakast af matareitrun, drykkjareitrun eða neyslu vímuefna.
- e. tannbrot sem ber að höndum þegar tryggður matast.
- f. vegna slyss vegna eittraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja tryggðs.

- vegna slyss þegar bátaréttur vegna slyssins er fyrir hendi úr lögboðinni ökutækjatrýggingu, þ.e. hvort sem er ábyrgðartrygging eða slysatrygging ökumanns og eiganda, nema annað leiði af kjarasamningi. Sama gildir eigi tryggður rétt til bóta samkvæmt reglum umferðarlaga nr. 77/2019, um tjón af völdum óþekktra og ótryggðra ökutækja.
- vegna brots á tönnum sem ber að höndum þegar tryggður matast.
- ef tryggður slasar sig í vinnu hjá öðrum en tryggingartaka, hvort sem um er að ræða launað starf eða ekki, eða arðbært starf í eigin þágu sem atvinnuslyshætta fylgir.
- vegna slyss sem verður í flugi, nema tryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutadeigandi flugmálayfirvalda.
- vegna slyss sem verður í fjallaklifri, bjargsigi, froskköfun og öðrum sambærilegum athöfnum.
- vegna slyss sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum, þó með þeirri undantekningu sem fram kemur í grein 2. c.

#### 8. gr. Sérstakar viðbótarundanþágur vegna fritimaslysa

Þessar undanþágur eiga við þar sem fritimaslys eru tilgreind sérstaklega sem hluti af kjarasamningum eða samið er um það sérstaklega.

Tryggingin bætir ekki slys sem verða í:

- hnefaleikum, bardaga-, glímu-, eða sjálfsvarnariþróttum þar sem tilgangur íþróttanna er að slá, kýla eða sparka til andstæðingsins eða takast á við hann á annan hátt. Undanþága þessi á þó ekki við börn yngri en 18 ára.
- akstursíþróttum.
- bjargsigi, kletta-, fjalla- og ísklifri.
- fjallgöngu af hvaða tegund sem er ef hæð fjalls er meiri en 4000 metrar frá sjávarmáli.
- köfun með súrefniskútn og fríköfun (án súrefnis) á meira dýpi en 10 metrar.
- teygjustökki, fallhlífarstökki, BASE stökki og öðrum sambærilegum athöfnum.
- loftbelgs-, svífvængja-, dreka-, svíf-, físvélaflugi og öðrum sambærilegum athöfnum.
- öðrum áhættuþróttum eða athöfnum sem eru sambærilegar eða eðlisskyldar framangreindu.

#### 9. gr. Takmarkanir á bótaskyldu vegna náttúruhamfara

Ef jarðskjálfti, eldgos, flóð, skriðuföll eða aðrar náttúruhamfarir valda slysi, í einum og sama atburði, á mörgum einstaklingum, sem tryggðir eru í slysatryggingu launþega, takmarkast heildarþætur félagsins við kr. 200 milljónir.

Bætur skiptast hlutfallslega á milli bótaþega. Takmörkun sú á bótaskyldu sem nefnd er í 1. mgr. gildir þótt hinir slösuðu séu ekki launþegar sama tryggingartaka.

## 2. Kafli. Trygging á persónulegum munum starfsmanna (valkvæð)

Tryggingin er innifalin ef hún er tilgreind á skirteini.

#### 10. gr. Hvað bætir tryggingin?

Verði starfsmaður tryggingartaka fyrir tjóni á algengum, nauðsynlegum fatnaði og munum við vinnu, svo sem úrum, gleraugum, o.s.frv. bætir félagið það tjón skv. mati. Slík tjón verða einungis bætt ef þau verða vegna óhappa á vinnustað og fást eigi bætt úr annarri tryggingu. Slík tjón verða þó ekki bætt ef þau verða sannanlega vegna gáleysis eða hirðuleysis starfsmanns.

#### 11. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin tekur ekki til snjalltækja, fartölva og annarra sambærilegra muna.

#### 12. gr. Ákvörðun bóta

- Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- Félagið getur greitt bætur í peningum eða getur útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt samkvæmt þessari grein áskilur félagið sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tryggingaratburð og verðmæti eftir tryggingaratburð.
- Tryggður skal ekki hagnast á tryggingaratburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.

- f. Hámarksbætur, auk eigin áhættu, í hverju tjóni koma fram á skirteini.

### 3. Kafli. Almenn ákvæði

#### 13. gr. Hver er tryggður?

Tryggður er launþegi í starfi hjá tryggingartaka.

#### 14. gr. Aldurstakmörk

Sé tryggður 70 ára eða eldri og ekki eru sérstök ákvæði vegna aldurs tryggðs í kjarasamningi sem tekur til hans verða tryggingarupphæðir eftirtaldir hundradshlutar af hámarksupphæð:

Aldur	Hlutfall bóta	Aldur	Hlutfall bóta	Aldur	Hlutfall bóta
71. ári	95%	76. ári	70%	81. ári	45%
72. ári	90%	77. ári	65%	82. ári	40%
73. ári	85%	78. ári	60%	83. ári	30%
74. ári	80%	79. ári	55%	84. ári	20%
75. ári	75%	80. ári	50%	85. ári og eldri	10%

Félagið tryggir ekki börn yngri en 13 ára fyrir hærri dánarbótum en sem nemur venjulegum útfararkostnaði.

#### 15. gr. Upphaf og lok tryggingarverndar tryggða

Ábyrgð félagsins gagnvart tryggðum hefst þegar hann hefur störf hjá tryggingartaka.

Ábyrgð félagsins gagnvart tryggðum fellur niður þegar hann lætur af störfum hjá tryggingartaka.

#### 16. gr. Landfræðilegt gildissvið

Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

#### 17. gr. Útreikningur iðgjalds

Iðgjald tryggingarinnar tekur mið af störfum, kjarasamningum og fjölda þeirra sem tryggðir eru.

#### 18. gr. Tryggingarfjárhæðir

Hámarks tryggingarfjárhæðir og bótaþættir fara eftir þeim kjarasamningnum sem gilda um störf tryggðs á hverjum tíma.

#### 19. gr. Skyldur tryggðs við tjónsatburð

Félaginu er heimilt að láta trúnaðarlækni sinn skoða tryggða, svo og að afla sér upplýsinga um fyrri heilsufar tryggðs. Félagið greiðir nauðsynleg læknisvottorð.

Ef tryggður, eða sá sem á kröfu á hendur félaginu veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann á ekki rétt til bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum tryggingarsamningum vegna sömu atvika. Við sérstakar aðstæður getur tryggður þó átt rétt til bóta að hluta sbr. 2. mgr. 120. gr. vsl. Eigi þessi grein við getur félagið sagt upp öllum tryggingarsamningum við viðkomandi með viku fyrirvara sbr. 3. mgr. 120. gr. vsl.

#### 20. gr. Breytingar á áhættu

Sé tiltekið á skirteini að tryggður sinni tilteknu starfi og sá starfsvettvangur breytist ber tryggingartaka/tryggðum að tilkynna félaginu það án tafar. Við slíkar aðstæður er félaginu heimilt að hækka iðgjald frá þeim tíma er áhættubreytingin varð.

Hafi félaginu ekki borist tilkynning skv. 1. mgr. í síðasta lagi við greiðslu fyrsta iðgjalds eftir áhættubreytinguna og leiði vanrækslan til þess að iðgjald verður ekki hækkað, lækkar ábyrgð félagsins hlutfallslega sbr. 88. gr. vsl.

#### 21. gr. Gjaldþagi bóta

Tryggður, eða sá sem rétt á til bóta getur krafist greiðslu þeirra 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til þess að kanna ábyrgð sína og ákveða fjárhæð bótanna sbr. 121. gr. vsl.

#### 22. gr. Vísitala

Tryggingarfjárhæðir í tryggingunni fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir og samsvarandi iðgjald því samkvæmt vísitölu neysluverðs við hverja endurnýjun þessarar tryggingar.

Skilmáli þessi gildir frá 12.01.2024